



Knattspyrnudeild Víkings R.,  
Heimir Gunnlaugsson formaður,  
Haukur Hinriksson framkvæmdastjóri,  
Guðjón Guðmundsson framkvæmdastjóri knð.  
*Sent með tölvupósti.*

Reykjavík, 14. apríl 2026

**Efni: Úrskurður vegna skýrslu eftirlitsmanns frá leik Víkings R. gegn Breiðablik þann 10. apríl 2026.**

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var tekið fyrir mál Víkings R. sem er tilkomið vegna skýrslu eftirlitsmanns frá ofangreindum leik. Í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um þau atriði sem koma fram í skýrslu eftirlitsmanns. Skýrsla eftirlitsmanns úr leiknum var svohljóðandi:

*„Kveikt var á reykblýsum á aðalsvæði stuðningsmanna heimaliðsins fyrir miðri stúkunn, bæði rétt fyrir upphafsflautið og einnig eftir jöfnunarmark Víkings á 71. mín. Eftirlitsmaður hvetur forráðamenn Víkings eindregið til þess að bregðast við þessu áður en þetta leiðir til þess að slys hljóttist af. Þá mátti ítrekað heyra kallað úr sömu átt "KSÍ-Mafía", þegar einhverjar ákvarðanir dómara voru þeim ekki að skapi.“*

Víkingi R. var veittur kostur á að skila athugasemdum við skýrslu eftirlitsmanns og þann 14. apríl bárust svör frá félaginu þar sem eftirfarandi kom fram:

*„Knattspyrnudeild Víkings hefur mótttekið erindi KSÍ dags. 13. apríl sl. vegna leiks Víkings og Breiðablik í Bestu deild karla. Eins og segir í skýrslu eftirlitsmanns leiksins þá notuðu stuðningsfólk Víkings reykblýs fyrir upphafsflaut og eftir jöfnunarmark Víkings á 71. mínútu leiksins. Þetta var ekki gert í samráði við forsvarsfólk félagsins né með samþykki félagsins. Eins og segir réttilega í skýrslunni var um að ræða reykblýs, en þau eru talin skaðlaus og framkalla einungis reyk en ekki eld. Blysin eru t.d. notuð í kvikmyndagerð og í leikhúsum. Þannig var ekki um að ræða eldblysa eða neyðarblysa eins og hafa sést áður á leikjum hér á landi og sektað hefur verið fyrir. Reykblýs hafa verið notuð vísvegar um Evrópu á knattspyrnuleikjum og teljast þau ekki vera hættuleg fólki eða öðrum áhorfendum. Þess vegna hefur notkun þeirra almennt verið samþykkt við slíkar aðstæður. Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ hefur áður sektað fyrir notkun eldblysa með vísan til D liðar greinar 13.9 í reglugerð um aga- og úrskurðarmál á þeim grundvelli að um hættulega framkomu sé að ræða, en slíkt á ekki við um umrædd reykblýs þar sem hætta stafar ekki af þeim.“*

**Niðurstaða:**

Í samræmi við grein 4.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sbr. einnig grein 5.10 laga KSÍ, skal sérhvert aðildarfélag bera ábyrgð á framkomu leikmanna, forráðamanna, félagsmanna og stuðningsmanna sinna og allra þeirra sem hafa hlutverki að gegna á vegum þess vegna ámælisverðrar eða óásættanlegrar framkomu þessara aðila innan vébanda KSÍ, og getur sætt viðurlögum sem nánar er kveðið á um í lögum og reglugerðum KSÍ. Ber sérhvert aðildarfélag þannig ábyrgð á framkomu stuðningsmanna sinna og getur hlotið viðurlög í samræmi við reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða lög KSÍ.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 24. júní sl. lá fyrir greinargerð frá knattspyrnudeild Víkings R. Að teknu tilliti til greinargerðarinnar og annarra fyrirliggjandi gagna er það álit aga- og úrskurðarnefndar að ekki verði gerður greinarmunur á reykblýsi eða annarri tegund blýsa við mat á notkun blýsa á knattspyrnuleikjum. Með vísan til framangreinds telst framkoma áhorfenda Víkings R., er kveikt var á blysum í áhorfendastúku, hafa verið vítaverð og hættuleg.

Sú háttsemi að kalla ítrekað „KSÍ-Mafía“ vegna ákvarðana dómara er ekki til fyrirmyndar og beinir nefndin því til félagsins að gera viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig eða verði að vana.

Samkvæmt framangreindu fellur framkoma áhorfenda undir d-lið gr. 13.9 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Ákvæðið er svohljóðandi:


*„Ef forystumaður aðildarfélags, sem ekki er á leikskýrslu eða áhorfandi gerast sekir um vítaverða eða hættulega framkomu gagnvart leikmönnum, dómurum, þjálfurum eða öðrum er heimilt að sekta viðkomandi aðildarfélag um allt að kr. 500.000. Ef brot telst alvarlegt eða um ítrekun er að ræða er auk þess heimilt að setja viðkomandi lið í heimaleikjabann, þar til öryggi leikmanna, þjálfara og annarra telst tryggt.“*

Með vísan til framangreinds ákvað aga- og úrskurðarnefnd KSÍ að sekta knattspyrnudeild Víking R. vegna blýsa sem kveikt var á í tvígang og kalla stuðningsmanna að dómara leiksins. Sektir skv. d-lið gr. 13.9 nema að hámarki sekt kr. 500.000,- og telur aga- og úrskurðarnefnd hæfilegt að sekta Víking um kr. 150.000,- og er þá tekið tillit til fjölda blýsa og ítrekaðra kalla stuðningsmanna.

#### **Úrskurðarorð:**

Knattspyrnudeild Víkings R. skal greiða sekt að fjárhæð kr. 150.000,- til KSÍ.

Virðingarfyllst,  
f.h. aga- og úrskurðarnefnd KSÍ,



Axel Kári Vignisson  
lögmaður/yfirlögfræðingur KSÍ